

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsráskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið. 61
19. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Arnason.

L Ö G

62
19. maí

um

um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 19. gr. laga, dags. í dag, um viðauka og breyting á lögum nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, höfum látið færa fyrgreind lög inn í meginmál laga nr. 31, 7. maí 1928, og gefum þau út svo breytt:

I. KAFLI.

Um skipulag og rekstur útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja nýja loftskýtastöð í Reykjavík og taka nauðsynleg lán í því skyni, og má stöðin vera þannig gerð,

62 að nota megi hana jöfnum höndum til að útvarpa tali og söng sem til vanalegra
19. maí firðskeytasendinga.

Sendiorka stöðvarinnar í loftneti skal að meðaltali eigi vera minni en 5 kw. til talsendinga, en ritorka 10 kw. eða meira. Stöðin heitir **Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík**.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld útvarpsstöðvarinnar skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju. Halli, sem verða kann á rekstrinum, greiðist úr rikissjóði.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna útvarpsráð til tveggja ára. Ráðherra velur formann þess, einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af prestastefnu Þjóðkirkjunnar, einn af fræðslumálanefnd (sbr. lög nr. 19 1928, 1. gr.), en hinn fimmti skal valinn meðal þriggja manna, er félag útvarpsnotenda tilnefnir, enda séu þá í því félagi fjórði hver þeirra manna, sem útvarpsnotendur eru taldir og greitt hafa lögmælt gjöld eftir lögum þessum; ella velur ráðherra einnig hinn fimmta mann í útvarpsráðið.

Skipun útvarpsráðs skal miða við 1. júlí.

4. gr.

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinna menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni, í samráði við útvarpsstjóra.

Þess skal stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum.

Ráðherra ákveður nánar um störf útvarpsráðs í reglugerð, svo og um þóknun fyrir störfín.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar útvarpsstjóra með fullum árslaunum, að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skal honum falið að annast allt, er lýtur að umsjón og rekstri útvarpsins (sbr. þó 3. gr.), og hafa á hendu allar fjárreiður þess og reikningshald.

Atvinnumálaráðherra skipar enn fremur aðra starfsmenn við útvarpsstöðina, eftir því sem þörf krefur, og ákveður laun þeirra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

6. gr.

Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpstæki í landinu. Atvinnumálaráðherra ákveður af-

notagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Heimilt er atvinnumálaráðherra að fela pósthúsum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu á ársgjöldum útvarpsnotenda samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. 62
19. maí

Útvarpsstjóri semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, og skal hún send atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

7. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi og útvarpið er tekið til starfa, má enginn nota viðtæki fyrir útvarp, nema tilkynnt sé útvarpsstjórninni og lögboðið gjald greitt af tækinu. Hvert það útvarpstæki, sem ekki hefir verið tilkynnt útvarpsstjórn, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til útvarpsins.

8. gr.

Útvarpið skal hafa sama rétt og landssiminn um nauðsynlegar lagnir vegna starfsemi sinnar um lönd manna og löðir og byggingar. Óheimilt er öllum að leggja svo nýjar lagnir, hvers kyns sem eru, að þær geti valdið бага eða óreglu á lögnum útvarpsins, sem fyrir eru, eða tækjum, sem standa í sambandi við þær.

Atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi um þessi atriði.

9. gr.

Nú hafa einstakir menn, sveitarfélög eða bæjarfélög raflagnir, vélar eða tæki, hverskonar sem eru, sem geta багаð eða valdið óreglu á notkun útvarpstækja, og er útvarpinu þá heimilt að gera, á kostnað eigenda, nauðsynlegar ráðstafanir um þau tæki eða lagnir, til þess að hindra truflanir, sem af þeim geta hlotizt.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu útvarpsins til þess að hindra slíkar truflanir, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn er á vegna þessa starfs, enda fari þeir ekki um hibýli fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

10. gr.

Í kirkjum, leikhúsum og samkomuhúsum, skólum, veitingasölum og hvarvetna þar, sem almennar skemmtanir eru haldnar eða mannfundir, þar sem umræður fara fram, skal útvarpinu heimilt, án endurgjalds eða nokkurra kvaða, að leggja um húsið nauðsynlegar leiðslur fyrir útvarp og koma þar fyrir útvarpstækjum. En skylt skal útvarpinu að gera með lögnum þessum svo lítið rask og missmíði á húsakynnum sem verða má.

62 Réttur til að útvarpa því, sem um hönd er haft í húsakynnum, er óvið-
19. maí komandi þessum ákvæðum.

11. gr.

Heimilt skal útvarpinu að útvarpa án endurgjalds:

- a) messugerðum,
- b) hljómleikum og samsöngum, sem haldnir eru úti fyrir almenning, enda njóti flokkurinn styrks af almannafé,
- d) umræðum á opinberum samkomum, stjórn mála fundum og öðrum almennum mannfundum.

II. KAFLI.

Um einkasölu á útvarpstækjum.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða einkasölu á útvarpstækjum. Skal þá engum öðrum en ríkisstjórninni eða þeim, sem hún felur það, heimilt að flytja inn í landið útvarpstæki né verzla með þau.

13. gr.

Útvarpstæki skal samkvæmt lögum þessum telja hvert það tæki, sem hægt er að nota til þess að taka við útvarpi, einnig tækjahluta og varahluta í útvarpstæki, og rafhlöð, sem notuð eru við útvarpstæki.

14. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölu. Allur verzlunarhagnaður af einkasölu rennur til útvarpsins.

15. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð allt nánara fyrirkomulag einkasölu, þar á meðal, hversu fara skuli um þau útvarpstæki, sem óseld kunna að vera hjá tækjasölu, þegar einkasalan hefst.

III. KAFLI.

62
19. maí

Ýms ákvæði.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Þó skulu brot gegn 12. gr. varða sektum frá 200—20000 kr.

Hvert það útvarpstæki, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera og andvirðið renna til einkasölnunnar.

Með brot gegnum lögum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal stöðin vera reist svo fljótt sem unnt er.

B r á ð a b i r g ð a á k v æ ð i .

Um starfstíma núverandi útvarpsráðs fer eftir ákvæðum laga þessara, og skal hann samkvæmt þeim talinn frá 1. júlí næstkomandi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.